

Ár 2008, fimmtudaginn 7. ágúst, var haldinn fundur í áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar á skrifstofu formanns nefndarinnar að Þingholtsstræti 33, Reykjavík.

Fyrir var tekið:

**Mál nr. 12/2007:**

**Árnason Faktor ehf., f.h. General Nutrition Investment Company,**

**gegn**

**Einkaleyfastofunni**

**vegna ákvörðunar frá 8. júní 2007 um að**

**hafna skráningu vörumerkisins**

**GENERAL NUTRITION CENTERS, sbr.**

**vörumerkjaumsókn nr. 3590/2005.**

Kveðinn var upp svofelldur

*ú r s k u r ð u r :*

Með bréfi, dags. 8. ágúst 2007, skaut umboðsmaður áfrýjanda ákvörðun Einkaleyfastofu (ELS), dags. 8. júní 2007, til áfrýjunarnefndar. Ekki er um beina kröfugerð að ræða í áfrýjuninni, sbr. 2. tl. 4. gr. reglugerðar nr. 275/2008, um áfrýjunarnefnd hugverkaréttinda á sviði iðnaðar, en vísað til þess að ELS hafi úrskurðað að skráning vörumerkisins GENERAL NUTRITION CENTERS uppfylli ekki skilyrði vörumerkjalaga nr. 45/1997 (vml.) og að því sé umboðsmaður áfrýjanda ekki samþykkur. Í greinargerð umboðsmanns áfrýjanda, dags. 20. desember 2007, kemur hins vegar fram sú krafa að niðurstaða ELS í framangreindu máli verði endurskoðuð og að skráning vörumerkisins GENERAL NUTRITION CENTERS verði heimiluð fyrir flokka 5 og 35.<sup>1</sup>

I.

Með umsókn nr. 3590/2005, dags. 23. nóvember 2005, óskaði umboðsmaður áfrýjanda eftir því að vörumerkið GENERAL NUTRITION CENTERS yrði skráð. Sótt var um skráningu merkisins fyrir eftirtaldar vörur og þjónustu: Flokkur 5: Lyf og fæðubótarefni, sem innihalda næringarfræðileg bætiefni, vítamín og/eða steinefni. Flokkur 35: Þjónusta í tengslum við verslun með heilsufæði, fæðubótarefni, íþróttatengdar næringarfræðilegar vörur,

---

<sup>1</sup> Óheimilt er að skrá merki fyrir heilan flokk eða flokka, sbr. 16. gr. vml. Nefndin gengur því út frá því að hér sé átt við að skráning vörumerkisins verði heimiluð fyrir þær vörur og þjónustu sem sótt var um skráningu fyrir í flokkum 5 og 35.

heilsuræktarvörur og –klæðnað, snyrtivörur, líkamsumhirðu-, greinandi æfinga- og ilmolíumeðferðarvörur.

Með bréfi ELS, dags. 18. september 2006, var umboðsmanni áfrýjanda tilkynnt að skráningu merkisins væri hafnað að svo stöddu. Vísaði stofnunin til þess grundvallarskilyrðis fyrir skráningu vörumerkis að það væri til þess fallið að greina vöru/ þjónustu eiganda merkis frá vöru/þjónustu annarra, sbr. 1. mgr. 13. gr. vml. Taldi stofnunin að orðasambandið GENERAL NUTRITION CENTERS væri m.a. hægt að þýða sem „almennar næringarmiðstöðvar“ og gæfi það því til kynna hvers konar vörur og þjónustu um væri að ræða. Stofnunin taldi merkið lýsandi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml. fyrir þær vörur og þjónustu sem því væri ætlað að auðkenna og það uppfyllti því ekki kröfur laganna um sérkenni. Þá taldi stofnunin orðasambandið mjög almennt og sérkennalaust. Stofnunin vísaði til þess að það væri andstætt tilgangi vörumerkjatalaga að einstakir aðilar gætu með skráningu vörumerkis helgað sér orð, skammstafanir eða orðatiltæki sem væru mjög almenns eðlis.

Umboðsmaður áfrýjanda svaraði stofnuninni með bréfi, dags. 22. nóvember 2006. Vísaði hann til þess að mikilvægt væri að hafa í huga þá meginforsendu fyrir skilyrðinu um sérkenni að ekki væri unnt að veita aðilum einkarétt á almennum orðum þar sem slíkt yrði takmarkandi fyrir aðra í að auglýsa þjónustu sína eða stunda viðskipti almennt. Áréttaði hann að ekki væri farið fram á einkarétt á orðunum „general“, „nutrition“ eða „centers“ einum og sér, heldur væri sótt um skráningu orðasambandsins GENERAL NUTRITION CENTERS í heild fyrir tiltekna vörur og þjónustu. Taldi umboðsmaður áfrýjanda það ekki geta verið mjög takmarkandi fyrir aðra að áfrýjandi fengi einkarétt á merkinu enda fæli það aðeins í sér að aðrir gætu ekki notað þessa samsetningu á orðunum við að kynna vöru eða þjónustu sem væri „ruglingslega lík“ vöru og þjónustu áfrýjanda. Umboðsmaður áfrýjanda benti á að framangreint endurspegladist í verndarsviði merkisins en verndarsviðið yrði óneitanlega þrengra en ef um væri að ræða samsett merki úr orðum sem öll væru skráningarhæf ein og sér. Þá sagði:

Ljóst er að GENERAL NUTRITION CENTERS er ekki mjög lýsandi fyrir fæðubótarefnin sem slík. Orðið „centers“ getur á engan hátt talist lýsandi fyrir tegund eða eiginleika fæðubótarefna og veitir orðið þar með vörumerkinu aukið sérkenni í þessu sambandi. Orðið „center“ er í raun mjög frumlegt fyrir fæðubótarefni og gæti í reynd talist fremur sterkt vörumerki enda vísar það til „miðpunkts“, eða staðar þar sem margt kemur saman. Slík hugsun er mjög frumleg hvað varðar tilvísun til fæðubótarefnis.

Tók umboðsmaður áfrýjanda fram að hann teldi merkið hafa til að bera nægilegt sérkenni fyrir þá þjónustu sem sótt væri um í flokki 35. Til frekari stuðnings á skráningarhæfi merkisins vísaði umboðsmaður áfrýjanda til þess að það hefði þegar verið skráð erlendis, m.a. í enskumælandi löndum. Þá benti umboðsmaður áfrýjanda á nokkur merki sem hann taldi sambærileg merki áfrýjanda og væru skráð hér.

Í bréfi, dags. 15. janúar 2007, ítrekaði ELS kröfu 13. gr. vml. um sérkenni og aðgreiningarhæfi. Vísaði stofnunin til þess að krafan um sérkenni byggði annars vegar á því að merki væri nothæft auðkenni og hins vegar að almenn orð og tákn væru undanþegin einkarétti þar sem slíkt takmarkaði rétt annarra til að auðkenna vörur sínar og þjónustu. Hvað varðar tilvísun umboðsmanns áfrýjanda til þriggja merkja sem hann taldi sambærileg við merki áfrýjanda tók stofnunin fram að sérkenni merkja miðaðist ávallt við umsóknardag. Það hefði verið mat ELS þegar umrædd merki voru skráð að þau teldust hvorki skorta sérkenni fyrir þær vörur og þjónustu sem þau væru skráð fyrir né hefðu þau verið talin algeng í daglegu tali eða viðskiptum á þeim tíma. Um merki áfrýjanda segir orðrétt í bréfi ELS:

Þrátt fyrir að orðið CENTERS í merkinu sé e.t.v. ekki lýsandi fyrir fæðubótarefni þá er það almennt og sérkennalaust orð sem veitir hinum lýsandi orðum GENERAL og NUTRITION ekki nægjanlegt sérkenni, að mati Einkaleyfastofunnar. Þegar leitað er á Netinu eftir orðasambandinu, koma upp fjölmargar síður eða tilvísanir. Þessi mikli fjöldi tilvísana gefur ákveðna vísbendingu um hversu algengt orðasambandið ... er.

Taldi stofnunin merkið því enn óskráningarhæft.

Umboðsmaður áfrýjanda svaraði ELS með bréfi, dags. 12. mars 2007, þar sem fram kom að hann væri ekki sammála því mati skráningaryfirvalda að orðasambandið væri sérkennalaust og almennt og því ekki til þess fallið að greina vörur áfrýjanda frá vörum annarra. Benti umboðsmaður áfrýjanda á að það eitt að um væri að ræða samsetningu þriggja orða gerði það að verkum að merkið yrði að teljast hafa til að bera nægilegt sérkenni til að auðkenna vörur áfrýjanda frá vörum annarra. Þá mótmælti umboðsmaður áfrýjanda því að fjöldi leitarniðurstaðna á Netinu gæfi vísbendingu um hversu algengt orðasambandið væri og vakti athygli á því að fyrstu fjórar blaðsíður af leitarniðurstöðum „Google-leitar“ tengdust áfrýjanda og starfsemi hans. Þá væri vörumerki áfrýjanda frægt vörumerki á sínu sviði, það væri í notkun víðs vegar um heiminn, reknar væru verslanir undir vörumerkinu í samtals 49 löndum/svæðum og GENERAL NUTRITION CENTERS væri eitt þekktasta merki sinnar tegundar í heiminum. Jafnframt benti umboðsmaður áfrýjanda á að fram kæmi á heimasíðu

áfrýjanda að hann teldi að um 84% Bandaríkjamanna þekktu GENERAL NUTRITION CENTERS fyrir heilsuvörur og að mikil notkun merkja og frægð þeirra hefði mikil áhrif á að byggja undir sérkenni þeirra, sbr. 2. mgr. 13. gr. vml. Umboðsmaðurinn benti jafnframt á fleiri lönd þar sem merkið hefði verið samþykkt til skráningar, þ.e. Bólivíu og Jórdaníu. Ítrekaði umboðsmaður áfrýjanda rök sín í fyrri greinargerð um að merkið gæti ekki talist lýsandi, einkum það að orðið „center“ vísaði í raun til þess miðpunkts sem væri frumlegt þar sem vörumerkið ætti að auðkenna fæðubótarefni sem innihéldu oftast en ekki í einni pillu ákveðin efni í mjög samansöfnuðu formi sem annars þyrfti talsvert magn af ýmiss konar fæðu til að innbyrða. Þá ítrekaði umboðsmaður áfrýjanda að hann féllist ekki á að merkið væri ekki skráningarhæft fyrir þá þjónustu sem hann óskaði eftir skráningu fyrir enda væri ekki um almenna lýsingu að ræða sem væri almennt notuð til að auðkenna verslanir sem þessar. Þótt orðið „nutrition“ vísaði til þjónustu sem tengdist næringu á einhvern hátt gæti það ekki talist fela í sér að um væri að ræða þjónustu sem tengdist fæðubótarefnum sem slíkum. Umboðsmaður áfrýjanda féllst á að vörumerkið væri mögulega leiðandi en ekki að það væri lýsandi. Til viðbótar við þau fordæmi sem umboðsmaður áfrýjandi benti á í fyrri greinargerð sinni vísaði hann til merkisins SELFCOOKINGCENTER,<sup>2</sup> sem innihéldi orðið „center“ sem virtist eitt og sér veita framangreindu vörumerki áfrýjanda skráningarhæfi.

## II.

Lokaákvörðun ELS var tilkynnt umboðsmanni áfrýjanda með bréfi, dags. 8. júní 2007. Ítrekaði stofnunin þar að hún teldi ekki að samsetning þeirra þriggja orða sem merkið samanstæði af veitti því nægjanlegt sérkenni til að það gæti talist skráningarhæft í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml., en um væri að ræða þrjú almenn og algeng orð sem ekki væri óeðlilegt að setja saman og samsetningin fæli ekki í sér óvenjulega setningarfræði né merkingu. Um þau rök umboðsmanns áfrýjanda að 84% Bandaríkjamanna þekktu merkið tók stofnunin fram að til þess að merki teljist skráningarhæft hér á landi yrði mikill hluti fólks hérlendis að gera sér grein fyrir því að orðasambandið væri vörumerki, þ.e. viðskiptalegt auðkenni einhvers aðila. Fram kom að stofnunin teldi orðasambandið lýsandi í skilningi 1. mgr. 13. gr. vml. fyrir flokk 5 og 35 og hvað snerti flokk 5 mæti stofnunin það svo að orðasambandið væri sérkennalaust fyrir vörur og þjónustu sem tengdust m.a. lyfjum, fæðubótarefnum, vítamínum eða steinefnum. Neytendur myndu af þeirri ástæðu ekki tengja orðasambandið við ákveðið fyrirtæki heldur halda að þær vörur og þjónusta sem væru auðkenndar með merkinu ættu

---

<sup>2</sup> Skráning MP-814 761 í flokki 11: Appartus for cooking.

uppruna sinna frá ótilgreindum samtökum á heilbrigðissviðinu. Um þau rök umboðsmanns áfrýjanda að ekki gæti talist ljóst að um væri að ræða þjónustu sem tengdist fæðubótarefnum sem slíkum vísaði stofnunin til dóms EB-dómstólsins í svonefndu BIOMILD-máli<sup>3</sup> þar sem fram hafi komið að hafna bæri skráningu merkis ef a.m.k. ein af hugsanlegum merkingum gæfi til kynna eiginleika viðkomandi vöru eða þjónustu. Taldi stofnunin að orðasambandið ylli þeim hughrifum hjá neytendum að um væri að ræða verslanir sem seldu einhvers konar næringu og þá ættu heilsufæði, fæðubótarefni, íþróttatengdar næringafræðilegar vörur og heilsuræktarvörur jafnvel við og aðrar næringarvörur. Þá tók stofnunin fram að skráningaryfirvöld hvers ríkis tækju sjálfstæðar ákvarðanir um skráningu merkja til samræmis við lög og reglur þess ríkis og með hliðsjón af aðstæðum að öðru leyti. Tók stofnunin jafnframt fram að merkið hefði ekki öðlast skráningu sem orðmerki í Bandaríkjunum. Féllst stofnunin því ekki á skráningu merkisins.

### III.

Umboðsmaður áfrýjanda skaut lokaákvörðun ELS, dags. 8. júní 2007, til áfrýjunarnefndar með bréfi, dags. 8. ágúst 2007. Í greinargerð, dags. 20. desember 2007, krafðist hann þess að niðurstaða ELS yrði endurskoðuð og að skráning merkisins GENERAL NUTRITION CENTERS yrði heimiluð í flokkum 5 og 35. Ítrekaði umboðsmaður áfrýjanda fyrri rök sín og tók fram að þrátt fyrir að áfrýjandi fengi einkarétt á umræddu orðasambandi fæli það aðeins í sér að aðrir gætu ekki notað þá samsetningu á orðunum til að kynna vöru og/eða þjónustu sem væri „ruglingslega lík“ vöru og/eða þjónustu áfrýjanda. Þá taldi umboðsmaður áfrýjanda orðasambandið ekki vera lýsandi fyrir fæðubótarefni né aðrar vörur sem sótt væri um vernd fyrir í flokki 5. Taldi hann að orðið „centers“ í þessu samhengi skipa stóran sess þar sem erfitt væri að sjá hvernig það gæti talist lýsa tegund eða eiginleika fæðubótarefna og að þetta orð veitti merkinu í heild aukið sérkenni. Auk þess taldi umboðsmaðurinn orðasambandið ekki lýsandi fyrir þjónustu í flokki 35, enda væri það í heild sinni annað og meira en bara samsetning þekktra og almennra orða og það hefði sjálfstæða tilvist. Vísaði hann í þessu sambandi til svonefnds POSTKANTOOR-máls dómstóls Evrópubandalaganna (EB-dómstólsins)<sup>4</sup>. Umboðsmaður áfrýjanda benti á að umrætt merki gæti fallið undir hugtakið vísbendingandi vörumerki (e. suggestive mark) þar sem orðið NUTRITION væri það eina í því sem gæti talist lýsandi fyrir vörur og þjónustu áfrýjanda. Vísaði umboðsmaðurinn til þess að slík merki gæfu vísbendingu um vöru án þess að vera beinlínis lýsandi og nefndi dæmi um

---

<sup>3</sup> C-265/00.

<sup>4</sup> C-363/99.

vörumerkin POWERWARE og SILK ESSENTIALS. Jafnframt var í greinargerð áfrýjanda vísað til ákvarðana OHIM um vörumerkin NETMEETING og OILGEAR. Umboðsmaður áfrýjanda tók fram að merki sem gæfu vísbendingu um eiginleika vöru væru skráningarhæf og stæðu ekki í vegi fyrir því að aðrir gætu notað orðin sem merki innihéldi til að auglýsa sínar vörur enda væri aðeins óskað eftir vernd fyrir samsetningu orðanna sem slíkra. Síðan kom orðrétt fram í greinargerð umboðsmanns áfrýjanda:

Að þessu sögðu teljum við ljóst að vara sú sem merki umbjóðanda okkar skal auðkenna tengist vörumerkinu sem deilt er um hér ekki á beinan hátt. Frekar er um að ræða einhvers konar lágstemmda tengingu við næringu og fæðu. Þannig teljum við vörumerkið uppfylla þær kröfur sem gerðar eru til vörumerkja sem telja má vísbendandi og sé þegar af þeirri ástæður skráningarhæft.

Vísaði umboðsmaður áfrýjanda að lokum til þess að umrætt merki hefði fengist skráð í Bólivíu, Kanada, Hondúras, Japan, Jórdan, Óman, Rúmeníu og Úkraínu og ítrekaði hversu vel þekkt merkið væri.

Áfrýjunarnefnd barst greinargerð ELS með bréfi, dags. 19. mars 2008. Fjallaði stofnunin þar um þann málflutning áfrýjanda að skráning hins umdeilda merkis myndi ekki takmarka rétt annarra til að lýsa vörum sínum og þjónustu. Um þetta segir orðrétt í greinargerð stofnunarinnar:

Einkaleyfastofan bendir á að í vörumerkjarétti felist einkaréttur, sbr. 1. gr. vörumerkjalaga. Þá komi fram í 4. gr. laganna að eigandi merkis geti bannað öðrum að nota merki sem eru eins eða lík vörumerki hans. Einkaleyfastofan telur því að ef merki áfrýjanda, GENERAL NUTRITION CENTERS, fengist skráð, væri verið að veita áfrýjanda einkarétt á því heiti og áfrýjandi gæti þá bannað öðrum að nota eins eða líkt vörumerki í starfsemi sinni.

Eins og fram hefur komið í fyrri greinargerðum Einkaleyfastofunnar til áfrýjanda er orðasambandið, GENERAL NUTRITION CENTERS, í heild sinni lýsandi og óskráningarhæft, að mati stofnunarinnar, enda nærtækast að þýða orðasambandið sem almennar heilsugæslustofnanir. Að mati stofnunarinnar eru það því ekki eingöngu orðin ein og sér sem eru óskráningarhæf heldur orðasambandið í heild.

Þá ítrekar Einkaleyfastofan það mat sitt að orðið centers í merkinu veiti orðunum general og nutrition ekki nægjanlegt sérkenni, eins og áfrýjandi telur það gera.

Þá fjallaði stofnunin um niðurstöður „google-leitar“ sem áfrýjandi hefur vísað til. Tók stofnunin fram að hún fallist ekki á þá fullyrðingu hans að það að fyrstu fjórar síður niðurstaðna leitarinnar tengist áfrýjanda gefi vísbendingu um að orðin sem í hinu umdeilda merki felast séu ekki of almenn þegar þau séu sett saman. Benti stofnunin á að merkið hefði ekki fengist skráð í Bandaríkjunum sem orðmerki en hins vegar hefði áfrýjandi fengið skráða skammstöfunina GNC og GNC LIVE WELL hér á landi.<sup>5</sup> ELS taldi merki áfrýjanda ekki

---

<sup>5</sup> Skráningar nr. 788/2006 og 789/2006

sambærilegt þeim merkjum sem hann vísaði til í greinargerð sinni, þ.e. POWERWARE og SILK ESSENTIALS og ítrekaði að hún teldi orðasambandið GENERAL NUTRITION CENTERS lýsandi fyrir lyf og verslanir sem bjóði fram heilsufæði, fæðubótarefni, íþróttavörur og næringarvörur. Þá benti stofnunin á að framkvæmd OHIM sé ekki fordæmisgefandi fyrir íslensk skráningaryfirvöld.

Áfrýjunarnefnd tók málið til úrskurðar á fundi sínum 24. júní 2008.

*Niðurstaða:*

Deilt er um hvort orðmerkið GENERAL NUTRITION CENTERS, samkvæmt umsókn nr. 3590/2005, sé skráningarhæft skv. 13. gr. vml. fyrir lyf og fæðubótarefni, sem innihalda næringarfræðileg bætiefni, vítamín og/eða steinefni í flokki 5 og þjónustu í tengslum við verslun með heilsufæði, fæðubótarefni, íþróttatengdar næringarfræðilegar vörur, heilsuræktarvörur og –klæðnað, snyrtivörur, líkamsumhirðu-, greinandi æfinga- og ilmolíumeðferðarvörur í flokki 35.

Merki sem eingöngu teljast lýsandi uppfylla ekki skilyrði 13. gr. vml. Sama gildir um merki sem byggjast á algengum táknum eða orðasamböndum sem notuð eru í viðskiptum eða daglegu máli. Smávægilegar breytingar eða viðbætur á þannig merkjum breyta engu um sérkenni þeirra. Skilyrðið um að merki skuli hafa sérkenni er rökstutt með því annars vegar að lýsandi merki séu ekki til þess fallin að greina vörur merkiseiganda frá vörum annarra og hins vegar að enginn skuli fá einkarétt á orðum sem allir á viðkomandi sviði viðskipta hafi þörf á að nota. Við mat á því hvort merki uppfylli skilyrði um sérkenni þarf að meta hvert tilvik fyrir sig og aðstæður allar, eins og fyrir hvaða vörur merki óskast skráð, fyrri notkun o.fl. Ekki er því sjálfkrafa hægt að byggja á eldri fordæmum eða mati á öðrum merkjum. Orðmerki á erlendu tungumáli getur einnig skort sérkenni á Íslandi ef um er að ræða tungumál sem gera má ráð fyrir að þorri almennings þekki til, eins og t.d. er um ensku.

Lýsingarorðið GENERAL þýðir almennur; allsherjar-, nafnorðið NUTRITION þýðir næring eða næringarfræði og CENTERS sem nafnorð í fleirtölu þýðir stöðvar, miðstöðvar; miðja (miðjur), miðbik, miðsvæði. Samsett verða þessi orð almennt þýdd eða skilin sem „almennar næringarmiðstöðvar“. Fram kemur í gögnum málsins að starfsemi áfrýjanda sé rekstur verslana með fæðubótarefni og ýmsar heilsuvörur. Fallist er á þá niðurstöðu Einkaleyfastofunnar að orðmerkið GENERAL NUTRITION CENTERS teljist ekki

sérkennandi fyrir slíka þjónustu þar sem það lýsir mikilvægum eiginleikum hennar sem og vörum sem slíkri verslun tengist.

Skráning vörumerkis veitir eiganda þess einkarétt á viðkomandi vörumerki, sbr. 1. og 4. gr. vml. Vörumerkjarétturinn tekur eingöngu til skráningarháfra hluta merkis, sbr. 15. gr. vml. Ef enginn hluti merkis er skráningarháfur er merkið óskráningarháft, sbr. orðalag 13. gr. vml., nema samsetning þess sé sérkennandi í sjálfu sér. Svo er ekki í umræddu tilviki. Orðasambandið GENERAL NUTRITION CENTERS samanstendur af þremur almennum eða lýsandi orðum sem tengjast verslun með fæðubótarefni og ýmsar heilsuvörur. Samsetning þessara orða í orðmerkinu er venjubundin og eðlileg orðnotkun og setningaskipan málfærðilega rétt og eðlileg. Skráning orðmerkisins GENERAL NUTRITION CENTERS getur því ekki talist heimil skv. 13. gr. vml. fyrir þá þjónustu og vörur sem henni tengjast þar sem slík skráning gæfi til kynna að öðrum sem stunda viðskipti á sama sviði væri óheimilt að nota þau orð fyrir þjónustu sína.

Umboðsmaður áfrýjanda heldur því fram að orðmerki áfrýjanda hafi öðlast sérkenni fyrir notkun, sbr. 2. mgr. 13. gr. vml. Þegar um er að ræða lýsandi orð eins og hér er verður ekki talið að slíkt merki geti öðlast nægilegt sérkenni til skráningar fyrr en það hefur fengið yfirlærða merkingu með markaðsfestu hér á landi, sbr. t.d. Morgunblaðið. Álitamál er hvenær merking hefur þannig yfirlærst. Fyrir nefndina hafa ekki verið lögð nein gögn sem sýna að slík yfirlærð merking hafi átt sér stað, þ.e. að mikill meiri hluti markhóps merkisins á Íslandi geri sér grein fyrir því að heitið GENERAL NUTRITION CENTERS sé vörumerki og þannig viðskiptalegt auðkenni einhvers aðila. Af þeim sökum verður ekki talið að merkið hafi öðlast sérkenni fyrir notkun í skilningi vörumerkjalaga hér á landi.

Orðmerki áfrýjanda GENERAL NUTRITION CENTERS, samkvæmt vörumerkjaumsókn nr. 3590/2005, er því óskráningarháft hér á landi fyrir fæðubótarefni og vörur sem innihalda slík efni, sem og þjónustu sem felur í sér verslun með slíkar vörur. Ber því að staðfesta ákvörðun Einkaleyfastofunnar um að ekki sé heimilt að skrá orðmerkið GENERAL NUTRITION CENTERS fyrir þá vöru og þjónustu í flokkum 5 og 35 sem sótt er um skráningu merkisins fyrir.

Úrskurð þennan kváðu upp Rán Tryggvadóttir, formaður áfrýjunarnefndar, Hafdís Ólafsdóttir aðjúnkt og Sigrún Brynja Einarsdóttir lögfræðingur.



*Úrskurðarorð:*

Ákvörðun Einkaleyfastofunnar frá 8. júní 2007, um að hafna skráningu orðmerkisins GENERAL NUTRITION CENTERS, samkvæmt vörumerkjaumsókn nr. 3590/2005, fyrir nánar tilgreindar vörur og þjónustu í flokkum 5 og 35, er staðfest.

-----

Rán Tryggvadóttir

Hafdís Ólafsdóttir

Sigrún Brynja Einarsdóttir

Rétt endurrit staðfestir: